



Húsavík

[slökkvilid@nordurthing.is](mailto:slökkvilid@nordurthing.is)

Slökkvilið Norðurbings  
Norðurgarði 5. 640

Húsavík 01.01.2023

## Ársskýrsla 2022

Starfsemi slökkviliða er lögbundin þjónusta sem sveitarfélögum er skylt að sinna samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Sveitarfélögum ber að sjá um að starfsemi málaflokksins uppfylli þarfir samfélagsins hvað varðar búnað, aðstöðu og mannskapsumgjörð til þess að geta ráðið við þær áhættur sem í samfélaginu eru.

Starf slökkviliðsins er viðamikil og kemur að öllum þáttum viðbragðsþjónustu í okkar samfélagi. Til að geta staðið undir þeirri þjónustu, kröfum og væntingum sem samfélagið þarfnast og á rétt á að sé til taks þegar á þarf að halda krefst þess að hlúð sé vel að starfsemi svo hún geti sinnt skyldum sínum.

Slökkvilið Norðurbings sinnir landfræðilega með stærri svæðum sem slökkvilið á Íslandi þurfa að sinna. Svæðið nær að Klambreseli í Reykjahverfi og austan Jökulsár á fjöllum að Biskupshálsi. Til norðurs er svæðið óslitið 130 km. norður fyrir Ormarsá við Raufarhöfn.

Slökkvilið Norðurbings hefur yfir að ráða um 60 slökkviliðsmönnum og rekur þrjár slökkvistöðvar á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn. Allar stöðvar liðsins eru vel útbúnar og hafa til umráða búnað og mannskap til að sinna verkefnum og útköllum sem sem orðið geta á hverju svæði fyrir sig. Stöðin á Húsavík er bakland þeirra og sendur er mannskapur og búnaður frá henni í stærri verkefni á starfssvæðum liðsins á Kópaskeri og Raufarhöfn ef þörf er á.

Þrír fastir starfsmenn eru í fullu starfi hjá slökkviliði Norðurbings auk átta einstaklinga sem sinna bakvaktarskyldum á móti föstum starfsmönnum á öllum starfsstöðvum liðsins.

Slökkvilið Norðurbings sinnir í verktöku samkvæmt samningi við HSN á Húsavík mönnun allan sólarhringinn á öðrum sjúkrabílum sem staðsettur er á Húsavík auk afleysinga á dagtíma á hinum bílnum.

Vettvangsliðahópar á vegum liðsins eru á Kópaskeri og Raufarhöfn samkvæmt samkomulagi við HSN á Húsavík. Þeir sinna útköllum til aðstoðar við sjúkrabíla á svæðinu norðan Húsavíkur.

Samningur er á milli PCC BakkiSilicon og Norðurbings um viðbragðsþjónustu á iðnaðarsvæðinu á Bakka og sjá starfsmenn liðsins um þjálfun starfsfólks fyrirtækisins m.a. í neyðarviðbrögðum, notkun handslökkvitækja, skyndihjálp og rýmingum.

Samstarfssamningar eru í gildi við slökkvilið Þingeyjarsveitar, slökkvilið Akureyrar og Langanesbyggðar um gagnkvæma aðstoð í stærri verkefnum og vegna skörunarsvæða liðanna s.b.r. 6. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða.

Slökkviliðsstjóri Norðurbings sinnir 20 % stöðugildi starfsmanns almannavarnanefndarinnar í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra samkvæmt samningi þar um.


Svæði almannavarnanefndarinnar í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra nær frá Almenningsnöfum í vestri að Sandvíkurheiði við Vopnafjörð í austri og frá nyrsta odda landsins, Hraunhafnartanga á Melrakkaslétu, inn á Vatnajökul í suðri og hafa starfsmenn liðsins sinnt störfum í aðgerðar og vettvangsstjórnnum almannavarna þegar þær hafa verið virkjaðar á árinu vegna ýmissa verkefna.

Útkallsverkefni allra eininga liðsins hafa aukist mjög mikið undanfarin ár. 401 útkalli var sinnt 2022 en þau voru 250 árið 2021. Sem er aukning um 37,6 % á milli ára og frá árinu 2018 hafa úkallsverkefnið aukist um 67,3 %.

- Slökkviliðið Norðurþings sinnti alls 401 útkallsverkefnum árið 2022 sem skiptast með þessum hætti.
- Verkefni slökkviliðs þar sem um var að ræða útköll vegna elds, reykræstingar, brunaviðvörunarkerfa, eitrefnaleka, klippuvinnu eða upphreinsunar voru 25 á árinu.
- 333 útköllum vegna sjúkraflutninga var sinnt á árinu 2022 en þau voru 194 árið 2021. Dagvinnumenn slökkviliðs sinntu af þessum fjölda 225 verkefnum á dagtíma og í 23 % tilfella voru 2 starfsmenn af þremur í útkalli á sama tíma.
- Vettvangsliðahópar liðsins á Kópaskeri og Raufarhöfn sinntu 43 útköllum á árinu 2022 sem er fjölgun verkefna um 51,1 % á milli ára. Útköllin skiptust þannig á milli hópanna að vettvangsliðar á Kópaskeri sinntu 22 útköllum og vettvangsliðar á Raufarhöfn 21.


Eins og sjá má fjölgar útkallsverkefnum jafnt og þétt á milli ára og flest bendir til þess að sú þróun haldi áfram næstu ár með sviðuðum hætti og verið hefur undanfarin ár.

## Verkefni allra eininga Slökkviliðs Norðurþings




Þessi verkefni eru í greiddum útkallstímum 2.216 klst. Virkur vinnutími í útköllum er 1.385 klst.

## Heildarfjöldi útkalla



**Heildar útkalla fjöldi liðsins jókst um 37,65 % á milli árunna 2021 og 2022 og að meðaltali hefur aukningin verið rúmlega 23,76 % á milli ára síðustu 5 ár.**

## Forgangur útkalla allra deilda 2021-2022



**Útköll eru flokkuð eftir alvarleika F1 og F2 útköll sem eru mestu forgangsútköllin eru 57,35 % af öllum útköllum liðsins á árinu.**

Unninn tími í útköllum ársins jafngildir 173 virkum átta tíma vinnudegi og miðað við útkallsfjölda ársins er verið að sinna 1,095 útkallsverkefni að meðaltali á hverjum degi ársins.

## **Ýmis verkefni.**

Aðgerðastjórnstöð almannavarna sem er staðsett í slökkvistöðinni var virkjuð 10 sinnum á árinu vegna ýmissa verkefna og reyndist aðstaðan mjög vel, aðstaðan er vel búin tækjum og búnaði til aðgerðastjórnunar.

Slökkviliðið hefur skyldum að gegna í aðgerðastjórnun almannavarna í umdæminu samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 82. frá 12.júní/2008 og verkefni sem sinna þurfti vegna þeirra starfa voru mörg á árinu.

Talsvert mikið var leitað eftir aðstoð liðsins á árinu vegna vatnsleka í mannvirkjum og einnig til upphreinsunar þar sem spillifni höfðu farið niður.

Vinna hélt áfram við uppbyggingu á æfingasvæði í Haukamýri sem reynst hefur liðinu sem og öðrum slökkviliðum afar vel til æfinga. Aðstaðan á svæðinu er ein sú besta á landinu og bíður uppá fjölbreytta möguleika til æfinga fyrir viðbragðsaðila.

Ástand brunahana í sveitarfélaginu er almennt gott, góður þrýstingur er á kerfinu og vatnsmagn flestra brunahana mjög gott. Allir brunahanar sveitarfélagsins eru prófaðir annað hvert ár bæði þrýstingsprófaðir og vatnsmældir. Niðurstöður úr þessum prófunum eru sendar Orkuveitu Húsavíkur sem sér um viðgerðir og skiptir út biluðum og ónýtum brunahönum.

Tekin var ákvörðun í apríl sl. að kaupa nýja dælubifreið fyrir slökkviliðið að undangengnu útboði Ríkiskaupa. Bifreiðin er af Scania gerð 500 hestöfl, fjórhjóladrifin og afar vel útbúin. Dælugeta bílsins er 4.000 ltr. á mínútu auk þess er ONE Seven 5500 froðukerfi í bílnum og kemur bifreiðin fullbúinn til landsins. Samið var við Ólaf Gíslason ehf sem er samtarfsaðili WISS í Póllandi um smíðina en fyrirtækið er eitt það stærsta sinnar tegundar í heiminum í smíði slökkvibifreiða og reiknað er með að nýr bill verði kominn í notkun síðari hluta næsta árs ef allt gengur að óskum.

Keypt voru á árinu tvenn ný björgunartæki, klippur og glennur fyrir liðin á Kópaskeri og Raufarhöfn til björgunar á fastklemmdu fólki úr farartækjum og mannvirkjum. Nýi búnaðurinn er væntanlegur um miðjan janúar 2023 og leysir af hólmi 30 ára gamlan búnað sem fyrir var á stöðunum og var orðinn úreltur og varasamur í notkun. 15 einstaklingar úr liðinu frá báðum stöðum munu í ársbyrjun sækja námskeið á vegum HMS í notkun á slíkum búnaði.

Seldar voru tvær bifreiðar liðsins á árinu. Iveco dælubifreið sem búin var að leggja var seld í því ástandi sem hún var ásamt 30 ára gamalli Ford lagnabifreið. Búnaði sem lagnabifreiðin hafði að geyma hefur verið komið fyrir í kerrum sem liðið átti. Söluandvirði þessara bifreiða var nýtt til kaupa á Renault Express sem notaður verður vegna eldvarnareftirlits á starfssvæði liðsins.

HMS framkvæmdi úttektir á slökkviliðum landsins haustið 2021 og fram komu í skoðuninni nokkrar athugasemdir og ábendingar gagnvart starfsemi SN sem unnið hefur verið í á árinu. Þær athugasemdir sem SN fékk snéru flestar að aldri búnaðar og bíla og unnið hefur verið markvisst í að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar og nú í lok árs 2022 er búin að bregðast við í meginatriðum öllum þeim athugasemdum gerðar voru nema endurnýjun útkallsbifreiða á Kópaskeri og Raufarhöfn og er það verkefni komandi ára að bæta úr því.

## **Eldvarnareftirlit.**

Eldvarnareftirlitið sinnti 123 verkefnum á árinu og kláraði allar skoðanir samkvæmt útgefni skoðunaráætlun fyrir árið 2022. Auk skoðananna voru veittar umsagnir vegna leyfa, og yfirfarnar teikningar af mannvirkjum vegna byggingarleyfisumsókna. Eldvarnareftirlitið á starfssvæði liðsins er viðamikil og eru um 300 skoðanaskildir staðir á svæðinu sem suma þarf að skoða árlega, aðra annað hvert ár og enn aðra þriðja hvert ár. Um 85% stöðugildi hjá liðinu fer í eldvarnareftirlitið sem er hluti lögbodinna verkefna sveitarfélagsins.

Reglubundið eldvarnareftirlit og eftirfylgni þeirra skoðana sem framkvæmdar eru á hverju ári hafa gríðarlega mikið forvarnargildi og stuðla að fækkun eldsvoða, heilsu og eignatjóns sem hlotist geta af eldsvoðum í þeim samfélögum þar sem eftirlitinu er sinnt sem skildi.

Markmið SN er að sinna hér eftir sem hingað til eftirlitinu í samræmi við útgefna skoðunaráætlun hvers árs og lögbundnar skyldur sveitarfélagsins.

## **Skoðunaráætlun eldvarnareftirlitsins fyrir árið 2023 er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.**

### **Helgarvaktir.**

Fjórar helgarvaktir voru á árinu á helgarvöktum er farið yfir búnað slökkviliðsins og tryggt að ávallt séu a.m.k. fimm slökkviliðsmenn til staðar á hverju starfssvæði liðsins ef á þarf að halda.

### **Æfingar.**

Haldnar voru átta æfingar slökkviliðsins á árinu

Slökkviliðsmenn þurfa að uppfylla allt að 25 klst. æfingaskyldu á ári til að viðhalda starfsréttindum sínum. Auk þess þurfa reykkafarar liðsins að undirgangast læknisskoðun árlega, standast þol og þrekpróf sem tekin eru í framhaldi hennar til að viðhalda reykköfunarréttindum, 10 slökkviliðsmenn liðsins uppfylla nú skilyrði til reykköfunar.

Stór æfing var haldin í Vaðlaheiðargöngum í september þar sem æfð voru viðbrögð við umferðarslysi og logandi bifreiðum á miðjum göngum. Æfingin gekk vel í alla staði og nýr æfingabúnaður Vegagerðarinnar reyndist vel.

Skrifborðsæfing var haldin í byrjun október með Veðurstofunni í viðbrögðum við jarðskjálfta á svæðinu.

Æfing var haldin í gamla golfskálanum við Katlavöll í lok nóvember og var æfð reykköfun, vatnsöflun og slökkvistörf og skálinn verður síðan brenndur niður eftir áramót.

Fjórar æfingar voru haldnar á æfingasvæði liðsins á árinu á þeim voru æfð reykköfun, klippivinna, vatnsöflun og viðbrögð við eiturefnaleka.

Landhelgisgæslan óskaði eftir því að fá að nýta æfingasvæði liðsins til æfinga fyrir áhafnir varðskipa og komu skipverjar á Þór og æfðu reykköfun undir handleiðslu starfsmanna liðsins í heilan dag um miðjan október. Reykkafarar SN æfðu seinni part þess dags um borð í varðskipinu undir handleiðslu yfirstýrimanns á Þór.

### **Námskeið.**

- Haldið var námskeið fyrir eldvarnareftirlitsmenn á vegum Húsnæðis og Mannvirkjastofnunar. Einn starfsmaður liðsins sat námskeiðið og hefur lokið fyrsta hluta námsins af þremur.
- Haldið var námskeið á TEAMS fyrir slökkviliðsmenn um viðbrögð við eldi í jarðgöngum.
- Tveir einstaklingar stunduðu framhaldsnám í sjúkraflutningum á vegum liðsins á árinu.
- Tveir starfsmenn liðsins luku grunnnámi sjúkraflutninga á árinu.
- Haldin voru 8 námskeið fyrir starfsfólk PCC á Bakka í skyndihjálp, slökkvitækjanotkun og neyðarviðbrögðum á árinu.

### **Heimsóknir.**

- Á 112 daginn var farið með öðrum viðbragðsaðilum í leikskólann Grænuvelli og búnaður sýndur.
- Eldvarnarvika var í byrjun desember og fóru slökkviliðsmenn í alla grunnskóla sveitarfélagsins með fræðslu og getraun fyrir nemendur 3ja bekkjar.
- Slökkviliðsmenn úr Fjarðabyggð komu í heimsókn og skoðuðu stöðina og aðstöðu hennar ásamt æfingasvæði liðsins.
- Haldið var þing slökkviliðsstjóra á Íslandi á Fosshótel Húsavík dagana 22 -24 apríl 2022. Um 80 gestir mættu á þingið flestir slökkviliðsstjórar og aðstoðar slökkviliðsstjórar landsins ásamt átta fulltrúum frá HMS.

Vonandi þurfum við sem minnst að nýta starfsemina í neyðarviðbrögðum á komandi árum, en tel okkur öll vilja geta treyst á að viðbragðið sé til staðar og í lagi ef samfélagið okkar þarf á því að halda.

Grímur Kárason  
Slökkviliðsstjóri Norðurþings